



Bláskógabyggð

Starfsmaður framkvæmda- og veitusviðs Þjónusta og viðhaldsmál

Bláskógabyggð auglýsir stöðu starfsmanns framkvæmda- og veitusviðs lausa til umsóknar. Aðalstarfsstöð er í Aratungu, Reykholti, en starfsmaður sinnir einnig verkefnum í Laugarási og á Laugarvatni. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs.

Meginverkefni:

- Húsvarsla í félagsheimilinu Aratungu og í Bergholti.
- Viðhalds- og framkæmdaverkefni sem falla undir framkvæmda- og veitusvið, svo sem:
 - Viðhald fasteigna og öryggismál
 - Eftirlit með húsnæði og leiksvæðum leik- og grunnskóla
 - Umhirða og eftirlit með lóðum og opnum svæðum
 - Verkefni tengd götum og göngustígum
- Utanumhald um verkefni vinnuskóla.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Góð verkkunnátta.
- Ökuréttindi.
- Stundvísi og reglusemi.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Vandvirkni og skilvirkni í starfi.
- Almenn tölvukunnátta.

Um er að ræða fullt starf. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veitir Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri, í síma 480 3000 eða kristofer@blaskogabyggd.is og skulu umsóknir berast á það netfang. Umsóknarfrestur er til 26. mars nk. Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.